

## Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur 4-2017

*Tími:* Föstudagur 7. apríl 2017 á Keldnaholti og í síma kl. 13:00

*Mætt:* Auður Magnúsdóttir staðgengill rektors, Hafdís Hanna Ægisdóttir, Margrét Gísladóttir, á Keldnaholti og Hilmar Janusson, Helena Guttormsdóttir og Þuríður Lillý Sigurðardóttir í síma. Bjarni Stefánsson boðaði forföll.

Til fundarins mætti Björn Þorsteinsson og með honum Gestur Jónsson hrl.

**Eitt mál var á dagskrá.**

**Samningur um að Björn Þorsteinsson láti af störfum rektors og færist í fyrra starf sem prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands.**

Björn gerði háskólaráði grein fyrir fundi sem hann átti með ráðuneytisstjóra og lögfræðingi í menntamálaráðuneyti 29. mars sl. Þar sem staðfest var að ráðherra vill veita Birni lausn úr stöðu rektors og stuðla að flutningi hans í fyrra starf prófessors við Landbúnaðarháskóla Íslands á kjörum sem fram koma í drögum að samkomulagi sem Björn lagði fyrir háskólaráð.

Háskólaráð samþykkti drögin fyrir sitt leyti og mun í framhaldi lausnar Björns úr stöðu rektors ráða hann til starfa með þeim hætti sem fram kemur í samkomulagsdrögunum.

Fulltrúar starfsmanna í háskólaráði gera athugasemdir við að samningsdrögin hafi ekki borist fyrir fundinn.

Samkomulagið er fylgiskjal með fundargerðinni.

Fleira var ekki gert á fundinum,

Fundi slitið kl. 14:10